

Selfossi, 14. febrúar 2022

### **Efni: Breyting á reglugerð 1212/2015**

Skv. reglugerð nr. 230/2021 ber sveitarfélögum að færa byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins í samantekin reikningsskil sín m.v. hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Skv. reglugerðinni skal þessi breyting taka gildi þegar á árinu 2021 og eiga við ársreikning þess árs og fjárhagsáætlun 2022 og svo áfram.

Með nýrri reglugerð nr. 14/2022 er sveitarfélögum heimilt að ákveða að þessi breyting taki gildi árið 2022. Jafnframt er þeim sveitarfélögum sem hyggjast nýta sér þessa heimild skylt að taka tillit til þessa í fjárhagsáætlun 2022 með samþykkt viðauka eigi síðar en 1. júní nk.

Sviðsstjóri fjármálasviðs leggur til við bæjarráð að umrædd breyting taki gildi árið 2022. Tryggt er að allir ársreikningar sem taka ber tillit til eru tilbúnir þá og einnig eru ársreikningar yfirstandandi kjörtímabils samanburðarhæfir og nýtt kjörtímabil hefst með nýjum reglum um reikningsskil sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,  
Ingibjörg Garðarsdóttir  
sviðsstjóri fjármálasviðs